

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995 - 2015, Víðistaðasvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. júlí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í meginatriðum í því að opið svæði/almennt grænt svæði verður opið svæði til sérstakra nota. Afmörkuð eru svæði fyrir tjaldsvæði, skólagarða og hverfisverndarsvæði. Stofnanalóðir fyrir grunnskóla, kirkju og leikskóla eru stækkaðar. Göngustígum og stofnanastígum er breytt til samræmis við deiliskipulag og framkvæmdir.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 8. júlí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.